

STARFSLEYFI

Suðurverk hf.

Efnistaka og vinnsla jarðefna, starfsmannabúðir
v/Sultartangaskurðar og Hjálparvegur
801 Selfoss

kt. 520885 0219

Nafn og kt. rekstraraðila: **Suðurverk hf., kt. 520885 0219**
Heimilisfang: **Hlíðarsmára 6, 201 Kópavogur**

Útgáfudagur: 20. júní 2019

Gildir til: 20. janúar 2020

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, laga nr. 93/1995 um matvæli msbr., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir efnistöku og vinnslu jarðefna og fyrir starfsmannabúðir
dags. 20. júní 2019**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynna með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út tímabundið til 7 mánaða en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 20. júní 2019

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir efnistöku og vinnslu jarðefna

Suðurverk hf.

v/vinnu Sultartangaskurð og Hjálparveg

kt. 520885 0219

**Hlíðarsmára 6
201 Kópavogur**

1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir tímabundna vinnslu jarðefna, þ.m.t. hörpun, annars vegar úr malarnámu í Fauskásalæmi og hins vegar úr eldri haugsetningarsvæðum fyrir efni merktum sem H1 og H2 á uppdrætti meðfylgjandi starfsleyfisumsókn.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

- 1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.

Starfsleyfishafi skal jafnframt tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag og samþykktu notkun fasteigna og sjá til þess að farið sé að öllum skilyrðum sem fram koma í niðurstöðum umhverfismats, hafi það farið fram, fyrirmælum í framkvæmdaleyfi viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar og ákvæðum starfsleyfisskilyrða þessara við vinnslu efnis og frágang svæðisins að efnisvinnslu lokinni.

- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

- 1.5 Útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem leiða til betri mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.



Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofta, láða eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.

- 1.6 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirfara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðiseftirlits, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.7 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða húsnæði. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður eða eigendaskipti verða. Starfsleyfið fellur sjálfkrafa úr gildi ef framkvæmdaleyfi fellur úr gildi og/eða fæst ekki endurnýjað.
- 1.8 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.
- 1.11 Fylgja skal reglum Vinnueftirlitsins varðandi meðferð og geymslu sprengiefnis.
- 1.12 Um aðbúnað starfsmanna og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. UMHVERFI OG FRÁGANGUR

- 2.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.
- 2.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 2.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og athafnasvæði sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan athafnasvæðis fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágranna og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmön. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og/eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á athafnasvæði fyrirtækisins.
- 2.4 Við efnistöku og frágang skal fylgja leiðbeiningunum: *Námur – efnistaka og frágangur*, sem umhverfisráðuneyti o.fl. aðilar gáfu út árið 2002. Yfirbragð efnistökusvæðis skal vera snyrtilegt og uppfylla almenn öryggissjónarmið.

- 2.5 Þess skal gætt að starfsemin valdi ekki öðrum óþarfa ónæði eða hávaða og að foggjörn jarðefni valdi ekki skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvæðis. Ef þörf er á skal skerma foggjörn jarðefni af.
- 2.6 Hvergi skulu á efnistökusvæðinu myndast óþarfa tjarnir. Ef hætta er á að ár og lækir mengist skal grípa til viðeigandi ráðstafana, t.d. með því að leiða vatnið í gegnum settjarnir eða síubeð, eða aðra hreinsun sem heilbrigðiseftirlit telur þörf á.

3. MENGUNARVARNIR

- 3.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láða og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.
- 3.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Ísogbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.
- 3.3 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 3.4 Eingöngu brýnustu viðgerðir til að forða tjóni á tækjum og búnaði eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki og búnaður skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða.
- 3.5 Starfsleyfishafi skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til allra þrifa, t.a.m. með notkun umhverfisvottaðra hreinsiefna. Þvottur véla og vélarluta skal fara fram á olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju eða í þar til gerðum þvottavélum með lokuðu kerfi.

Úrgangur

- 3.6 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.
- 3.7 Úrgang skal flokka eftir því sem tök eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgang sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 3.8 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgang skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða



móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.

- 3.9 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaðeld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.
- 3.10 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Úrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

Meðferð efna

- 3.11 Geyma skal öll efni og efnasambönd í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 3.12 Hættuleg efni og efnasambönd skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn, eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.13 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfissvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.
- 3.14 Efnavöru skal geyma á öruggum og loftræstum stað innan dýra. Ekki skal geyma meira en nauðsynlegt er af olíu og efnavöru á svæðinu.

Meðferð olíu og frágangur olíugeyma

- 3.15 Um meðferð og geymslu olíu og frágang olíugeyma, gasgeyma og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 3.16 Olíugeymir skal vera með árekstursvörn og staðsettur á afmörkuðu, olíuheldu plani með frárænnisli tengt við olíuskilju. Olíugeymir skal búinn yfirfyllingarviðvörn eða yfirfyllingarvörn. Jafnframt skal hann, eftir því sem við á, útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Heilbrigðiseftirlit getur, ef aðstæður leyfa, samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.
- 3.17 Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að hann sé fjarlægður og/eða meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar (áður Hollustuverndar ríkisins) nr. 8 frá 1998 um *Meðferð á olíumenguðum jarðvegi*.
- 3.18 Díselrafstöðvar skulu eftir því sem við á vera staðsettar innandyra og með öruggri lekavörn.
- 3.19 Verktakar skulu ekki geyma olíubirgðir á efnistökusvæðum eftir að vinnslu er lokið.
- 3.20 Allt frárænnisli sem getur verið mengað af olíuefnum skal leitt í olíuskilju, sbr. gr. 3.23.



Hávaði

- 3.21 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Loftmengun

- 3.22 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, sbr. gr. 3.1, og þess gætt að ryk, reykur og lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi.

Fráveitur

- 3.23 Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. síur, ristar, olúskilja, sandskilja, fituskilja o.þ.h., í samræmi við eðli og umfang starfseminnar. Fráveituvatn frá eldunar- og salernisaðstöðu skal leiða í safntank, rotpró eða fráveitukerfi sveitarfélags.
- 3.24 Olúskiljur, sandskiljur og fituskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.
- 3.25 Seyru skal tæma reglulega úr rotpróm af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyrur til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar 799/1999 um meðhöndlun seyrur.

4. EIGIÐ EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDA

- 4.1 Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:
- fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnarbúnaðar,
 - óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu,
 - tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum,
 - skil úrgangs og spilliefna til móttökustöðva.
 - Fjölda og hnitsetta staðsetning efnistöku, efnistegund og vinnslumagn.
 - Upplýsingar um nöfn verktaka sem stunda efnistöku í námum sem starfsleyfið nær til.
 - Fjöldi olíutanka, olíuáfyllingarsvæða, olúskilja, magn olíuefna og rýrnun.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

- 4.2 Tilkynda skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaeið, sbr. gr. 3.2.

5. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA

- 5.1 Starfsleyfi þetta er veitt tímabundið til 7 mánaða í samræmi við 6. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og öðlast gildi við birtingu.



- 5.2 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, 20. júní 2019

Fh. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR starfsmannabúðir

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998
um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfið gildir fyrir starfsmannabúðir. Starfsmannabúðir eru færanlegt húsnæði, sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar starfsfólks til skamms tíma í senn vegna atvinnustarfsemi.	Rg. 941/2002, 7. gr.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.	Rg. 941/2002, 13. gr og 14. gr.	
1.3	Um veitingu starfsleyfis til reksturs starfsmannabúða skal heilbrigðisnefnd hafa samráð við Vinnueftirlit ríkisins.	Rg. 941/2002, 26. gr.	
1.4	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	Rg. 941/2002, 7. gr.	
1.5	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	Rg. 941/2002, 14 gr.	
1.6	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	Rg. 941/2002, 13. gr og 14. gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Um starfsmannabúðir gilda sömu ákvæði og um íbúðarhúsnæði að svo miklu leyti sem við á.	Rg. 941/2002, 14. gr og 26.gr.	
2.2	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	Rg. 941/2002, 14. gr.	
2.3	Í hverju rúmi í svefnrými skal vera dýna, a.m.k. 2m á lengd og 90cm breið. Gólfplötur í svefnrými skal vera minnst 4m ² á mann. Lofthæð í	Rg. 941/2002, 26. gr.	

	starfsmannabúðum skal vera minnst 2,2 m. Það skal að minnsta kosti vera eitt salerni og ein baðaðstaða fyrir hverja 10 íbúa.		
2.4	Greiður aðgangur skal vera að salerni, handlaugum og baðklefa með baðtækjum. Salernisrými skal vera loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu. Gerð salerna skal að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.	Rg. 941/2002, 26. gr. og 15. gr.	
2.5	Læst og loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru.	Rg. 941/2002, 14. gr.	
2.6	Starfsmannabúðir má ekki setja niður svo nærri ám, vötnum eða sjávarströnd að flæðihætta stafi af eða svo nærri klettum og skriðum að hætta sé á grjóthruni eða ofanflóði, eða þar sem þær geta mengað ár, vötn eða sjávarstrendur.	Rg. 941/2002, 26. gr.	

3. Hávaði

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Fara skal eftir reglugerð um hávaða eftir því sem við á.	Rg. 724/2008	

4. Matvæli

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Fara skal að ákvæðum matvælalaga og reglugerðum sem á þeim byggja eftir því sem við á.	Rg. 103/2010 og 852/2004	
4.2	Eldhús skal fullnægja ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla eftir því sem við á.	Rg. 941/2002, 26. gr.	

5. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	Rg. 941/2002, 14. gr.	
5.2	Eigandi eða umráðamaður skal sjá til þess að starfsmannabúðunum sé haldið hreinum og snyrtilegum. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun.	Rg. 941/2002, 14. gr. og 18. gr.	
5.3	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.	Lög nr. 6/2002	

6. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Í starfsmannabúðum skulu vera húsreglur sem kynna helstu öryggisatriði í sambandi við hýbýlin og umhverfið. Upplýsa skal starfsfólk um að vatn getur orðið allt að 80° heitt og varúðar skal gætt við notkun á heitu batni. Einnig skal kynna neyðarnúmerið 112 og eftir atvikum hvar hægt er að leita aðstoðar. Tungumál skal vera eins og þörf er á.	Rg. 941/2002, 9. gr. og 14.gr.	
6.2	Sjúkrakassi skal vera aðgengilegur í hýbýlum.	Rg. 941/2002, 14. gr.	
6.3	Þar sem búast má við umgengni barna skulu lyf og hættuleg efni geymd í læstri hirslu. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.	Rg. 941/2002, 37. gr.	

7. UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
7.1	Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	Rg. 941/2002, 14. gr. og 18.gr.	
7.2	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og flokka úrgang til endurvinnslu samkvæmt reglum viðkomandi sveitafélags. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.	Rg. 169/2002, 5. gr.	
7.3	Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ. h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.		
7.4	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	Rg. 798/2002.	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br,
reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.br.,
reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003,
reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp m.s.br.,
Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja,

reglugerð um spilliefni nr. 806/1999 breytt með reglugerð nr. 169/2002,
reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni,
lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir,
lögum nr. 93/1995 um matvæli,
reglugerð 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli
reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn m.s.br.,
lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
reglugerð nr. 724/2008 um hávaða
byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.

Selfossi, 20. 06. 2019

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

Suðurverk hf.

kt. 520885 0219

Hlíðarsmára 6,
201 Kópavogur

vegna efnistöku og vinnslu jarðefna í tengslum við breytingar á Sultartangaskurði og Hjálparvegi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 3. maí sl. umsókn Guðmundar Ólafssonar, kt. 280453 2429, f.h. Suðurverks hf., kt. 520885 0219, um starfsleyfi fyrir efnistöku og vinnslu jarðefna í tengslum við breytingar á Sultartangaskurði og Hjálparvegi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Um er að ræða tímabundið starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst samdægurs á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, orku- og efnanotkun, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og rekstur og viðhald viðeigandi mengunarvarnarbúnaðar, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit og skráningar.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um tímabundið starfsleyfi fyrir stakar framkvæmdaleyfis skyldar framkvæmdir er að ræða, var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa um ofangreinda þætti.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni



tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir efnistöku og vinnslu jarðefna á vegum Suðurverks hf. á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 16. maí sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 13. maí sl.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 197. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 11. júní sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Suðurverks hf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 7 mánaða að loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 20. júní 2019

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi